

**149. fundur Skóla- og frístundaráðs, haldinn í fjarfundi,
7. desember 2020 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2006228 - Jaðarsbakkar 1 - hönnun

Starfshópur "hönnun áfanga 1 á Jaðarsbökkum" ásamt hönnuðum frá Ask arkitektum fer yfir fyrirliggjandi forteikningar sem liggja fyrir varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum fyrsti áfangi.

Fundurinn fer fram í fjarfundi og í lok fundar samþykkja fundarmenn fundargerðina með rafrænum hætti.

Sameiginlegur dagskrárliður Skipulags- og umhverfiráðs og Skóla- og frístundaráðs, bæjarfulltrúum var boðið að setja þennan dagskrárlið sem áheyrnafulltrúar.

Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður skipulags- og umhverfiráðs, Ólafur Adolfsson varaformaður skipulags- og umhverfissráðs, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi á skipulags- og umhverfissviði, Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍA og Þórður Guðjónsson formaður starfshóps sitja fundinn.

Áheyrnarfulltrúar úr Bæjarstjórn Akraness: Rakel Óskardóttir, Einar Brandsson, Elsa Lára Arnardóttir og Valgarður Lyngdal Jónsson.

Gunnar Borgarsson, Helgi Már Halldórsson, Auður Ástráðsdóttir arkitektar hjá ASK fara yfir tillögur af hönnun á áfanga 1 á Jaðarsbökkum.

Áheyrnarfulltrúar og arkitektar víkja af fundi.

Skóla- og frístundaráð þakkar góða kynningu og leggur til við bæjarráð að á grunni fyrirliggjandi forteikninga verði vinnu við arkitektahönnun haldið áfram og boðin út verkfræðihönnun.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:00.